

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Úrgangsförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2023 er gjaldið kr. 23.000 vegna hvernar almennrar sorptunnu.

Úrgangshreinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2023 er gjaldið kr. 33.446 vegna hverja almenna sorptunnu. Með hverri almennri sorptunnu fylgja endurvinnslutunnur.

Óski greiðendur eftir auka tunnum, fyrir endurvinnsluúrgang (græna, brúna eða bláa tunnu) skal greiða kr. 10.000 á ári fyrir.

3. gr.

Frá 1. janúar 2023 hefst innheimta fyrir einstaklinga, á móttöku- og söfnunarstöðum, fyrir að skila af sér heimilisúrgangi. Hámarks farmstærð er 2 m³ fyrir öll heimili. Hvert heimili í Fjarðabyggð fær sér að kostnaðarlausu um áramót 1 klippikort með 2 m³ farmstærð. Eftir það kostar hvert nýtt klippikort 8.000 kr. Hægt verður að nálgast ný kort á skrifstofu Fjarðabyggðar og á móttökustöðvum úrgangs.

Fyrirtækjum, stofnunum og rekstraraðilum er óheimilt að skila úrgangi á móttöku- og safnstöðvar og er skylt að gera þjónustusamning varðandi sína úrgangslausun og hafa viðeigandi ílát fyrir hvern flokk úrgangs samkvæmt reglum um flokkun á úrgangi. Ef fyrirtæki eða stofnun skila úrgangi á móttöku- og safnstöðvar er hægt að kaupa sérstakt klippikort fyrir fyrirtæki, þau kort hafa hámarks farmstærð 2 m³ og kosta 32.000 kr.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á móttökustöðvunum eru eftirfarandi:

	<i>kr./kg</i> <i>með VSK</i>
Óflokkaður úrgangur:	
<i>Blandaður úrgangur</i>	54
Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar	
<i>Grófur úrgangur</i>	54
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega Dæmi: teppi, dýnur, húsgögn, steinefni og gler.	
<i>Málmúrgangur</i>	54
Brotajárn, þakjárn og stærri málmhlutir	
Flokkaður úrgangur:	
<i>Litað timbur</i>	62
Hvítmálað, plasthúðað og blandað.	
<i>Hreint timbur</i>	31
<i>Bylgjupappi, dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír sem er ótækur til endurvinnslu</i>	50
<i>Plast til endurvinnslu</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0

<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Raf- og rafeindatæki</i>	0
<i>Spilliefnamengaður úrgangur o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á</i>	140
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaður jarðvegur, tvistur, málning, lyf, sprautunálar, flugeldar og úðabrusar</i>	

4. gr.

Úrgangur skal vera flokkaður við skil á urðunarstað í samræmi við móttökuskilyrði. Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi eru eftirfarandi:

	<i>kr./kg með VSK</i>
Grófur úrgangur	35
Blandaður úrgangur	35
Litað timbur	39
Kjöt og sláturúrgangur	35
Seyra	31
Fita	31

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Fjarðabyggð.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1391/2021.

Fjarðabyggð, 15. desember 2022.

Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri.